

Nd.

324. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Hákonu J. Kristóferssyni, Pjetri Ottesen,
Benedikt Sveinssyni, Birni R. Stefánssyni og Pjetri Þórðarsyni.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum og útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við tryggingar-geymslufje (depositum).

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum, og enn fremur getur stjórnarráðið veitt sparisjóðum rjettindi þau, er ræðir um í þessari grein.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Breytingartillagan á þingskjali 279 er hjer með tekin aftur.